

Fjölmenning – heimurinn er hér

Grein eftir Ásdísi J. Rafnar sem birtist í Morgunblaðinu 18. febrúar 2016.

Eitt meginmarkmið Rótaryhreyfingarinnar er að stuðla að friði og bættum skilningi meðal manna, bæði á alþjóðlegum vettvangi og í íslensku samfélagi. Á Rótarydeginum, sem verður haldinn laugardaginn 27. febrúar nk., leggur hreyfingin áherslu á fjölmenningu í víðu samhengi með einkunnarorð Ravindran, alþjóðaforseta Rotary, að leiðarljósi „Verum veröld gefandi“.



Á Íslandi er fjölmenning eins og í þeim löndum sem við viljum bera okkur saman við. Um þrjátíu þúsund einstaklingar frá ólíkum löndum með ólíkan bakgrunn og hæfileika búa hér á landi við mismunandi kjör. Í leikskólum Reykjavíkurborgar eru um 18% barna af erlendum uppruna. Fjölmenningarleg samfélög eru þannig skilgreind á Vísindavefnum að þar býr fólk með ólíka menningu, þjóðerni, þjóðernislegan uppruna og trú, á sama landsvæði, hefur opin samskipti sín á milli og ber virðingu fyrir ólíkum lífsháttum. Hér er átt við umburðarlyndi og samskipti á jafnréttisgrundvelli þar sem allir hafa sama mikilvægi, enginn er æðri eða lægri, verðugri eða óverðugri manneskja.

Það er mikilvægt að við mætum raunveruleika íslensks samfélags. Má þar nefna til áherslu verulegan árlegan ferðamannafjölda til landsins og alþjóðleg viðskipti okkar. Að skapa nútímaþjóð, fjölmenningarlegt samfélag, á meðvitaðan hátt er bæði pólitískt viðfangsefni og siðferðilegt. Það er enginn stikkfrí og aðilar vinnumarkaðarins hafa meðal annarra verk að vinna. Til að stuðla að opnum samskiptum fólks og virðingu fyrir ólíkum lífsháttum þarf fræðslu, umræður og samvinnu og virðast mér leikskólar hafa nokkra forystu í skipulögðu starfi að þessum markmiðum. Þeir vinna undir einkunnarorðunum: Heimurinn er hér. Í stefnu Reykjavíkurborgar um fjölmenningarlegt skóla- og frístundastarf er lögð áhersla á gagnvirk samskipti og tækifæri barna af erlendum uppruna til að standa jafnfætis öðrum, með virðingu að leiðarljósi. Tungumálið er lykill að upplýsingum og samskiptum og hvatt er til þess að börn öðlist færni í að viðhalda og efla móðurmál sitt um leið og þau ná árangri í íslensku.

Við þekkjum hugsjónirnar um frelsi, jafnrétti og bræðralag. Sagan kennir okkur að fyrir þeim þarf að berjast á öllum tímum. Hér er lítil hefð fyrir því að halda uppi lifandi umræðu og fræðslu um inntak mannréttinda og lýðræðis. Við lítum á þessi gæði sem sjálfsagðan hlut en þurfum stöðugt að hlúa að þeim í bæði orði og verki. Á þetta við um þá sem koma til landsins og þá sem hér búa. Ef við tileinkum okkur ekki umræður um nauðsyn virðingar fyrir frelsi, jafnrétti og bræðralagi þá tryggjum við ekki skilning á því hvað í þeim gæðum felst og hversu mikilvæg þau eru. Við verðum að vera fær um að beita okkur fyrir því að þessi réttindi séu virt, – í okkar nánasta samfélagi og utan þess. Þekkingarleysi, óöryggi og siðferðisskortur leiðir til skoðanakúgunar, fordóma og eineltis. Í frjálsum samfélagi er í lagi að vera ólíkur öðrum. Fjölbreytnin auðgar ef vel er staðið að málum. Auðugt menningarlíf hér á landi ber vitni um það.

Höfundur er lögfræðingur og félagi í Rótaryklúbbi Reykjavík-Miðborg.